

Hagnaður N1 76 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2018

Helstu niðurstöður

- EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Festi nam 436 m.kr. á 1F 2018 samanborið við 521 m.kr. á 1F 2017
- Framlegð af vörusölu minnkaði um 1,0% á 1F 2018
- Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 2,2% á milli 1F 2018 og 1F 2017 sem skýrist af aukinni samkeppni á einstaklingsmarkaði
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 5,9% á milli 1F 2018 og 1F 2017
- Eigið fé var 13.873 m.kr. og eiginfjárlutfall 49,0% í lok 1F 2018

Þúsundir króna	1F 2018	1F 2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Framlegð af vörusölu	2.282.283	2.305.243	-22.960	-1,0%
Aðrar rekstrartekjur	105.504	102.757	2.747	2,7%
EBITDA	400.524	521.005	-120.481	-23,1%
EBIT	152.655	278.044	-125.389	-45,1%
EBT	88.731	269.148	-180.417	-67,0%
Hagnaður tímabilsins	76.429	224.944	-148.515	-66,0%
Efnahagsreikningur				
Birgðir	3.251.747	3.086.549	165.198	5,4%
Viðskiptakröfur	3.050.667	2.717.951	332.716	12,2%
Vaxtaberandi skuldir	8.000.000	6.500.000	1.500.000	23,1%
Handbært fé	2.386.883	1.841.753	545.130	29,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.660.917	4.690.078	970.839	20,7%
Sjóðstreymi				
Handbært fé til rekstrar	-166.032	-163.671	-2.361	1,4%
Fjárfestingahreyfingar	-163.343	-170.683	7.340	-4,3%
Fjármögnunarhreyfingar	-86.032	-95.755	9.723	-10,2%
Handbært fé í lok tímabils	2.386.883	1.841.753	545.130	29,6%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð	17,5%	22,6%	-5,1%	-22,4%
Eiginfjárlutfall	49,0%	46,7%	2,3%	4,9%
Laun/framlegð	47,9%	46,2%	1,7%	3,8%
Hagnaður á hlut	0,31	0,90	-0,59	-65,6%
Arðsemi eigin fjár	2,2%	7,3%	-5,1%	-69,9%
Fjárfestingar	-170.581	-200.431	29.850	14,9%
Veltuhraði birgða	7,49	6,11	1,37	22,4%

Rekstur fyrsta ársfjórðungs

Þúsundir króna	1F 2018	1F 2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Framlegð af vörusölu	2.282.283	2.305.243	-22.960	-1,0%
Aðrar rekstrartekjur	105.504	102.757	2.747	2,7%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.094.175	-1.065.124	29.051	2,7%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-467.325	-422.438	44.887	10,6%
Annar rekstrarkostnaður	-425.763	-399.433	26.330	6,6%
EBITDA	400.524	521.005	-120.481	-23,1%

EBITDA á 1F 2018 var 401 m.kr. samanborið við 521 m.kr. á 1F 2017 en kostnaður við fyrirhuguð kaup á Festi var 35 m.kr. á 1F 2018. Lækkun framlegðar af vörusölu skýrist að mestu af aukinni samkeppni á einstaklingsmarkaði. Samningsbundnar launahækkanir skýra hærri launa- og starfsmannakostnað á 1F 2018 miðað við sama tímabil 2017. Hækkun í sölu- og dreifingarkostnaði skýrist af aukningu í seldu magni flugeldsneytis. Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði má rekja til kostnaðar við fyrirhuguð kaup á Festi.

Tekjur á fyrsta ársfjórðungi

Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna	1F 2018	1F 2017	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	10.967	12.641	-1.673	-13,2%
Selt magn - gasolía	20.523	19.555	969	5,0%
Selt magn - heild án JET	43.094	41.187	1.907	4,6%
Velta annarra vara	2.381.091	2.295.628	85.463	3,7%
Framlegð eldsneytis	1.216.729	1.232.123	-15.394	-1,2%
Framlegð annarra vara	1.065.554	1.073.120	-7.566	-0,7%

Selt magn án JET jókst um 4,6% á 1F 2018 samanborið við 1F 2017 en verkfall sjómanna hafði neikvæð áhrif á selt magn á 1F 2017. Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 2,2% á milli 1F 2018 og 1F 2017 sem skýrist af aukinni samkeppni á einstaklingsmarkaði og einnig af endurnýjun á bílaflota viðskiptavina félagsins þar sem meðaleyðsla nýrra bifreiða hefur farið hratt minnkandi á undarförnum árum. Breytt samsetning sölu eldsneytis skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 1F 2018 er lægri en á 1F 2017. Jafnframt var félagið með miklar eldsneytisbirgðir í ársbyrjun 2017 vegna aukinna umsvifa. Sjómannaverkfall hafði einnig jákvæð áhrif á framlegð á seldan lítra á 1F 2017. Velta annarra vara jókst um 3,7% á 1F 2018 samanborið við 1F 2017. Breytt samsetning sölu ásamt aukinni samkeppni skýrir lækkun á framlegð sem hlutfall af veltu annarra vara á 1F 2018 samanborið við 1F 2017.

Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi

Púsundir króna	1F 2018	1F 2017	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.094.175	-1.065.124	29.051	2,7%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-467.325	-422.438	44.887	10,6%
Annar rekstrarkostnaður	-425.763	-399.433	26.330	6,6%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 1F 2018 var 498 en var 508 á 1F 2017. Samningsbundnar launahækkarnir skýra hærri launa- og starfsmannakostnað á 1F 2018 miðað við sama tímabil 2017. Sölu- og dreifingarkostnaður var 10,6% hærri á 1F 2018 heldur en á 1F 2017 sem skýrist af aukningu í seldu magni flugeldsneytis. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 6,6% á 1F 2018 miðað við 1F 2017 en hækkunin er tilkomin vegna kostnaðar við fyrirhuguð kaup á Festi sem var 35 m.kr. á 1F 2018.

Fjármagnsliðir

Púsundir króna	1F 2018	1F 2017	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	23.278	25.189	-1.911	-7,6%
Fjármagnsgjöld	-102.724	-97.171	5.553	5,7%
Gengismunur	-13.781	9.201	-22.982	-249,8%
Áhrif hlutdeildarfélaga	29.518	49.723	-20.205	-40,6%
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	-214	4.163	-4.377	-105,1%
Samtals	-63.924	-8.895	-55.029	618,6%

Fjármunatekjur voru lægri á 1F 2018 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri innlánsvaxta. Fjármagnsgjöld eru hærri á 1F 2018 samanborið við 1F 2017 vegna hærri langtímalána á 1F 2018. Gengistap vegna þróunar á gengi USD var 14 m.kr. á 1F 2018 en á 1F 2017 var gengishagnaður 9 m.kr. Afkoma hlutdeildarfélaga var lægri á 1F 2018 en á 1F 2017.

Efnahagur og fjárhagsleg staða

Púsundir króna	1F 2018	1F 2017	Breyting	% Breyting
Birgðir	3.251.747	3.086.549	165.198	5,4%
Viðskiptakröfur	3.050.667	2.717.951	332.716	12,2%
Vaxtaberandi skuldir	8.000.000	6.500.000	1.500.000	23,1%
Handbært fé	2.386.883	1.841.753	545.130	29,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.660.917	4.690.078	970.839	20,7%
Eiginfjárhlutfall	49,0%	46,7%	2,3%	4,9%
Veltuhraði birgða	7,49	6,11	1,38	22,6%

Birgðir hækka um 5,4% á milli 1F 2017 og 1F 2018 og er skýringin hærra heimsmarkaðsverð á olíu og aukin umsvif í sölu á flugeldsneyti. Handbært fé hækkar um 29,6% á milli 1F 2017 og 1F 2018. Fjárfestingar á 1F 2018 voru 163 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til söluverðs seldra rekstrarfjármuna. Nettó vaxtaberandi skuldir eru hærri í lok mars 2018 sem skýrist af hærri vaxtaberandi skuldum.

Samrunatilkynning vegna kaupa á Festi var afturkölluð og tilkynnt verður um samrunann á ný

Samkeppniseftirlitið hefur undanfarna mánuði haft samkeppnisleg áhrif fyrirhugaðs samruna N1 og Festi til rannsóknar. Frummat Samkeppniseftirlitsins er að samruninn hafi að óbreyttu í för með röskun á samkeppni. N1 hefur lagt fram drög að skilyrðum sem félagið er tilbúið að undirgangast og telur þau skilyrði geta eytt mögulegum samkeppnishindrunum vegna samrunans.

Samkeppniseftirlitið upplýsti N1 um að ekki væri unnt að leggja fullnægjandi mat á drög N1 að skilyrðum fyrir samrunanum innan þess tíma sem eftir var af lögbundnum tímafresti málsins. Þann 17. apríl 2018 ákvað stjórn N1 því að afturkalla samrunatilkynningu og mun félagið í kjölfarið senda Samkeppniseftirlitinu nýja samrunatilkynningu og uppfærð drög að skilyrðum.

Í ljósi þeirrar miklu vinnu sem þegar hefur verið lögð í málið af hálfu Samkeppniseftirlitsins standa vonir N1 til þess að frekari rannsókn Samkeppniseftirlitsins gangi hratt fyrir sig og að niðurstaða muni liggja fyrir fyrir lok 2. ársfjórðungs.

Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2018

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á árinu 2018 en að hún verði minni en undanfarin ár
- Innlendar kostnaðarhækkunar munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á erfitt fyrir
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá fyrir árið 2018 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.500 – 3.700 m.kr. að undanskildum kostnaði við fyrirhuguð kaup á Festi hf.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 102. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok mars 2018 nam 29,8 milljörðum króna og hækkaði um 4,4% á 1F 2018
- Aðalfundur félagsins fór fram 19. mars 2018 og var ákveðið að greiða ekki arð vegna rekstrarársins 2017 vegna kaupa á Festi

Kynningarfundur fimmtudaginn 26. apríl 2018

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2018 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Uppgjör 2F 2018: 29. ágúst 2018
- Uppgjör 3F 2018: 14. nóvember 2018
- Ársuppgjör 2018: 27. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@n1.is).